

Fréttabréf Tourette-samtakanna - maí 2007

Tourette samtökin á Íslandi



Skrifstofa Tourette samtakanna
Hátúni 10b 9.hæð 105 Reykjavík
Sími 840-2210
Veffang www.tourette.is
Netfang tourette@tourette.is

Aðalfundarboð !

Aðalfundur 12. júní 2007

Aðalfundur Tourette-samtakanna á Íslandi verður haldinn [þriðjudagskvöldið 12. júní kl. 20:00 að Hátúni 10b](#), í kaffiteríunni á [jarðhæðinni](#). Athugið að þetta er í austustu blokkinni af ÖBÍ blokkunum þrem, bæði er hægt að ganga inn um aðalinnangang við bílplanið milli blokkanna og líka inn í blokkina austanverða.

Dagskrá fundarins:

- ✓ Venjuleg aðalfundarstörf
- ✓ Lagabreytingar, sjá nánar um tillögurnar hér aftar
- ✓ Félagsgjald ákveðið
- ✓ Kosning formanns til næstu tveggja ára
- ✓ Kosning stjórnar til næstu tveggja ára
- ✓ Kosning skoðunarmanns og annars til vara
- ✓ Önnur mál
- ✓ Aðalfundi slitið

Rabb að loknum fundi og kaffi í boði félagsins.
Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Stjórnin.

[Sjá lagabreytingartillögur stjórnarinnar](#)



Lagabreytingartillögur sem stjórnin mun leggja fyrir komandi aðalfund þann 12. júní 2007:

Í 5.grein félagslaganna stendur nú um dagskrá aðalfundar:

Dagskrá aðalfundar er:

1. Setning.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin upp.

3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar. Gjaldkeri skal einnig gera lauslega grein fyrir fjárhagsstöðu samtakanna frá áramótum fram að aðalfundi.
5. Lagabreytingar.
6. Félagsgjald komandi almanaksárs ákveðið.
7. Kosning stjórnar.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna.
9. Önnur mál.

Stjórn Tourette samtakanna mun leggja til eftirfarandi breytingu á þessari lagagrein á boðuðum aðalfundi, þann 12. júní 2007:

Dagskrá aðalfundar er:

1. Setning.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar. Gjaldkeri skal einnig gera lauslega grein fyrir fjárhagsstöðu samtakanna frá áramótum fram að aðalfundi.
4. Lagabreytingar.
5. Félagsgjald komandi almanaksárs ákveðið.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning skoðunarmanns og annars til vara.
8. Önnur mál.

Í 6.grein félagslaganna stendur nú m. a. eftirfarandi um kjör stjórnar:

Kjör stjórnar. Stjórn samtakanna skipa sjö menn: Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og þrjú meðstjórnendur. Kjörtímabilið er tvö ár. Þannig skal staðið að kosningu stjórnar: Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn skulu einnig kjörnir til tveggja ára. Kjósa skal 3 stjórnarmenn árlega í stað þeirra 3, sem út ganga eftir 2 ára setu.

Stjórn Tourette samtakanna mun leggja til eftirfarandi breytingu á þessari lagagrein á boðuðum aðalfundi, þann 12. júní 2007:

Kjör stjórnar. Stjórn samtakanna skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og einn meðstjórnandi. Kjörtímabilið er tvö ár. Þannig skal staðið að kosningu stjórnar: Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára. Aðrir stjórnarmenn skulu einnig kjörnir til tveggja ára. Kjósa skal 2 stjórnarmenn árlega í stað þeirra 2, sem út ganga eftir 2 ára setu.

Í 7.grein félagslaganna stendur nú eftirfarandi um endurskoðun:

Endurskoðun. Á aðalfundi skulu kosnir tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Einnig skal félagið hafa löggiltan endurskoðanda.

Stjórn Tourette samtakanna mun leggja til eftirfarandi breytingu á þessari lagagrein á boðuðum aðalfundi, þann 12. júní 2007:

Endurskoðun. Á aðalfundi skal kosinn einn skoðunarmaður til eins árs í senn og annar til vara. Einnig skal félagið hafa löggiltan endurskoðanda.

=====

Styrkur frá Landsbankanum! - Stjórn Tourette samtakanna sótti nú nýverið um styrk til útgáfuverkefna hjá Landsbanka Íslands. Er okkur mikil ánægja að tilkynna félagsmönnum að Landsbankinn hefur nú ákveðið að veita okkur styrk upp á eina milljón króna. Þökkum við Landsbankanum kærlega fyrir þennan rausnarlega styrk.

Hjá Landsbankanum er 'Leggðu góðu málefni lið' sérstök og nýleg þjónusta í Einkabanka og Fyrirtækjabanka. Tourette samtökin hafa nú bæst við á lista þeirra málefna sem viðskiptavinir Landsbankans geta valið um að styrkja með því annað hvort að að gerast áskrifandi að mánaðarlegum stuðningi við eitt eða fleiri af hátt í áttatíu góðum málefnum eða styrkja þau með stakri millifærslu. Landsbankinn tekur ekkert gjald fyrir og hver króna mun þannig skila sér til málefna.

Staða á þýðingarverkefnum - Varðandi bókina *TS the facts*, eða *Tourette: staðreyndir* eins og við höfum ákveðið að hún muni heita á íslensku, þá er hún að fara í umbrot og prentun á næstu dögum. Bókin *Why Do You Do That?* fer svo strax í kjölfarið í umbrot og prentun, eða nánar tiltekið eftir eina til tvær vikur. Þannig að í júní munu líkast til báðar þessar bækur líta dagsins ljós og verður það tilkynnt á vefnum, www.tourette.is og einnig með tölvupósti eða fréttabréfi. Munu svo báðar þessar bækur einnig verða kynntar á öðrum vettvangi og víðar bæði í sumar og haust.

Bókin *Tourette Syndrome - A Practical Guide for Teachers, Parents and Carers* er enn hjá fagaðilum í yfirlestri og vonumst við til að hún muni koma út nú í ágúst eða september. Breski upplýsingapakinn verður þýddur í sumar og haust og munu bæklingar og blöðungar úr honum verða prentaðir eftir hendinni um leið og þýðingu hvers og eins lýkur, nánar um það síðar.